



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 140/1438
komudagur 6.3.2012

Reykjavík, 01.03.2012

Tilv. 90.13

JS/sdk

**Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (uppboð aflaheimilda), 202. mál, 140.
löggjafarþing 2011-2012.**

Vísað er í erindi atvinnuveganefndar Alþingis varðandi umsögn um ofangreint málefni dags.
2. febrúar 2012.

Hafrannsóknastofnunin gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins en þær sem lúta að breytingu núverandi 6.gr. a, nánar tiltekið þar sem segir "Afli sem veiðist með strandveiðum reiknist ekki til heildarafla skv. 3. gr.". Með þessu ákvæði drægi mjög úr markvissri stjórn á heildarafla botnfiskstofna. Ein megin ástæða þess að ekki hefur náðst hámarksafrakstur úr mörgum af okkar mikilvægustu fiskistofnum á undangengnum árum og áratugum, er undanþágur ýmiss konar, sem leitt hafa til mun meiri afla en Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Undanfarin ár hefur verið dregið úr slíkum möguleikum á umframveiði og ákvæði sem hér um ræðir því mikil afturför.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er talið brýnt að fram fari viðtæk og ítarleg úttekt, m.a. á Hafrannsóknastofnuninni og veiðiráðgjöf hennar með tilliti til aðferðafræðilegra sjónarmiða. Það er eðlilegt og mikilvægt að rýni í störf, aðferðafræði Hafrannsóknastofnunarinnar og árangur fiskveiðistjórnunar (sem fleiri koma að en Hafrannsóknastofnunin) eigi sér stað eftir því sem tók eru á. M.t.t. Hafrannsóknastofnunarinnar hafa ýmsar úttektir verið gerðar af erlendum og innlendum sérfræðingum á undanförmum árum og áratugum. Stofnunin er engu að síður ávallt reiðubúin að greiða fyrir slíkri vinnu eftir því sem stjórnvöld telja tilefni til og fjármögnun er tryggð.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is